Hugvekja um landbúnaðarmál.
1 blað qto. 15.

Mál og menning (tímaritið) flytur góða hugvekju og gagnlega um landbúnaðarmál eftir Halldór Kiljan Laxness. Lestur greinar þessarar vakti til nýs lífs hjá mér gamla hugmynd mína um þetta mál og tillögu, sem ég hefi aldrei þorað að bera fram, og aldrei rætt opinberlega. En sumarið 1929 var ég staddur austur á Reyðarfirði og hitti þar samsýsling minn, aldraðan kaupsýslumann, sem nú er fallinn frá, en sem ég hafði hvorki heyrt né séð áður. Samtal okkar hné að þessum málum og bar ég þá fram hugmynd mína við hann, með hálfum huga þó. Að máli mínu loknu sagði hann: „Þú ert eini maðurinn og hinn fyrsti, sem lætur mig heyra, að hugmynd þín um þetta er hin sama, sem sú, er ég hefi sjálfur haft í huga, síðan ég var í sömu sýslu sem þú, en engum viljað láta uppi eða heyra."

Hugmyndin var þessi:

Smábændabúskapur á Íslandi sé lagður niður með öllu og landsmenn allir fluttir, – ekki suður á Jótlandsheiðar, heldur á Suðurlandsundirlendið!